

FRÉTTATILKYNNING

06 August 2025 15:36:00 GMT

ICELANDAIR: ÁFRAMHALDANDI MIKIL EFTIRSPURN TIL OG FRÁ ÍSLANDI

Í júlí 2025 flutti Icelandair 611 þúsund farþega, svipaðan fjölda og í júlí í fyrra. Það sem af er ári hefur Icelandair flutt rúmlega 2,8 milljónir farþega, 9% fleiri en á sama tímabili í fyrra.

Í mánuðinum voru 39% farþega á leið til Íslands, 17% frá Íslandi, 41% voru tengifarþegar og 4% ferðuðust innanlands. Farþegum til og frá Íslandi fjölgaði um 14% á milli ára sem er í takt við áherslur sem félagið hefur lagt á þessa lykilmarkaði.

Sætanyting jókst um 1,1 prósentustig og nam 88,2%. Stundvísi jókst sömuleiðis og var 81,8%.

Seldir blokk tímar í leiguflugi jukust um 41%. Fraktflutningar jukust um 19% miðað við júlí í fyrra. Kolefnislosun minnkaði um 4% á tonnkilómetra.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Það er ánægjulegt að sjá hlutfall farþega til og frá Íslandi halda áfram að aukast, sem er í takt við áherslur okkar á þessa markaði. Heildarfjöldi farþega var svipaður á milli ára í júlí en markmið okkar er að vaxa utan háannatíma sumarsins til að minnka árstíðasveifluna í rekstrinum og efla tengingar allt árið. Við kynnum til sögunnar fimm nýja áfangastaði í haust og vetur – Istanbul, Miami, Malaga, Edinborg og Höfn í Hornafirði – sem styrkir framboð okkar yfir vetrartímann og eflir leiðakerfið.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi

[07 Traffic Data](#)